210 5.

Ingimundur gamli. 1942

Blað ungmennfél. Vatnsdælingur

1942-1943

Héraðsskjalasafn
Austur-Húnavatnssýslu

Héraðsskjalasafn
Austur-Húnavatnssýslu

# „Ingimundur gamli."

Blað ungmennafél. „Vatnsdælingur."

2. Tölubl. | 11. febrúar. 1942. | XXIII ár

## Í lundum nýrra skóga.

(Börn 21. aldarinnar hafa orðið).

Það er 15. sunnudagur sumars. Sólin skín í heiði; hún hefir nú tíma eytt öllum regndropunum, sem fyrir stundarkorni glitruðu á blöðum trjánna eins og dýrindis perlur í allskonar litum, og sunnan andvarinn hefir einnig lagt sinn skerf til þess og bærir nú mjúklega limi beykisins og öspin vaggar sér hátignarlega í sínum ljósgræna sumarskrúða, líkt og hún stígi dans eftir hljómfalli blæsins

og þykist ekki lakar klædd, en hver ungmeyjan stúlknanna, sem hátt uppi í skógarbrekkunni stíga dans á stórum palli, eftir dynjandi gáskafullum lögum hljómsveitarinnar.

Það er aðal skemmtisamkomudagur sveitarinnar. Ungmennafélag sveitarinnar hefir eins og undangengna áratugi haft forgöngu samkomunnar á hendi og hvorki til sparað fjármuni eða fyrirhöfn. Enda sér þess merki.

Hátt uppi í brekkunni ofan við samkomuhúsið hefir verið komið fyrir stórum danspalli í hæfilega stóru rjóðri í skóginum sem lengi hefir verið til þess ætlað og sniðið eftir því. Stór tré standa þétt við pallinn á alla vegu, með ákveðnu, jöfnu millibili. Í seilingarhæð teygja þau neðstu greinar sínar langt inn yfir hann á alla vegu og mynda þannig einskonar laufþak, til allra hliða, en í miðjunni sér upp í heiðbláan himininn þar sem trén hafa enn eigi náð þeim þroska að teygja greinar sínar saman.

Þetta er fyrsta danssamkoman í skóginum. Þó oft hafi mikið af skemmtiatriðunum á undangengnum aðal-samkomum sveitarinnar farið þar fram, hefir fram til þessa alltaf verið dansað í gamla Samkomu-húsinu. En í ár eru liðin 60 ár frá því ungmennafélagar sáðu fyrstu fræjunum og gróðursettu fyrstu plönturnar á þessum stað, og þótti því viðeigandi að minnast þess að nokkru. Hefir því ungm. fél. boðið öllum gömlum meðlimum sínum fjær og nær, sem unnu að þessu verki og nú eru á lífi, sem heiðursgestum á samkomuna. Það er því að vonum óvanalega margt af öldruðu fólki sem hefir dreift sér um skóginn í dag; ýmist á gangi til og frá, að sjá gamla uppáhaldsstaði, eða það hvílir sig á bekkjunum sem hefir verið komið fyrir víðsvegar í því skyni. Þetta eru leifarnar af þeirri kynslóð er sáði fyrstu fræjunum til þessa skógarbletts, sem veitti svo mörgum unað í dag. Að vísu var þetta aðeins

Lítill blettur, sem ungmennafélagit hafði fengit til umráða, en smám saman höfðu svo augu almennings opnast fyrir nytsemi þessa starfs og þá voru hafin víðtæk samtök í sama tilgangi og jafnvel þeir sem í fyrstu höfðu eigi viljat lána landsskika til slíkra hluta, vildu óðir og uppvægir láta setja upp slíkan reit hjá sér.

Þannig hafði áhuginn vaknat skyndilega, komit eins og sunnanþeyr at sumarmálum og feykt burtu hjarnbreiðunum athafna- og skilningsleysis af hugum mannanna. Vorit var komit. Vor starfs og dáða; fyrstu sporin voru mörkut á framfarabraut þessa starfs; braut sem <u>okkur</u> var ætlat at ganga áfram og afkomendum okkar kynslóð af kynslóð meðan landit er byggt. Nú hefir trjágróðurinn teygst sig bæði út og suður um hlíðina og þekur nú stórt svæði, sem áður var grjóturðótt og bert. En hæstu trén eru þó í litla reitnum kring um danspallinn, þar sem ungmennafélagarnir sáðu fyrstu fræjunum, og munu verða þat um langa tíð þeim til heiðurs er þat verk unnu; en skógarnir allir munu standa um aldir vörð um minningu þeirrar kynslóðar er fyrst hófst handa um at klæða landit í sinn forna skrúða, er forfeður vorir í fávizku sinni rændu þat.

Á einum bekknum, sem komit hafði verit fyrir undir stóru lauftré, sat gamall maður. Hatturinn hans lá í grasinu vit fætur hans; sólin skein niður á milli ~~trjánna~~ greina trésins og laugaði silfurhvítt hár gamla mannsins í geislaflóði sínu, þar sem hann ~~sat~~ álútur, niðursokkinn í hugsanir sínar.
Allt í einu hrökk hann upp vit mannamál þar rétt hjá. Tvær stúlkur komu í ljós milli trjánna. Önnur þeirra var innan vit tvítugt og leiddi hún háaldraða konu vit hlið sér. Þær staðnæmdust er þær sáu gamla manninn. „Fyrirgefðu! Vit erum víst at gera þér ónæði" sagði aldraða konan vingjarnlega „en ég kom nú hér til at sjá gamla tréð mitt sem ég gróðursetti hér fyrir 60 árum. Þat eru nú liðin mörg ár síðan ég kom hér síðast og hef ég þó alið aldur minn allan hér í sveitinni, en vit erum nú orðin stirð til ferðalaga gamla —"

„Þekkir þú mig ekki Guðrún" greip gamli
maðurinn fram í, sem nú var staðinn á fætur
„þetta er Jón! Komdu blessuð og sæl" —
„Er þetta Jón? Nú er ég þó forviða! — Nei víst
ætlaði ég ekki að þekkja þig" bætti hún við
er þau höfðu heilsast.
„Nei það er nú ekki von; maður breytist
nú ögn á skemmri tíma en hálfri öld"
svaraði Jón „en þú heldur þér furðu vel enn þá
Guðrún". „Má ég nú fara amma" greip
unga stúlkan fram í. „Já já góða — farðu
nú bara og dansaðu og skemmtu þér"
Unga stúlkan tók létt valsspor eftir tónum
hljómsveitarinnar, sem ómuðu út til þeirra
og hvarf inn á milli trjánna í áttina að
dansgólfinu. „Það hefir gaman af dans-
inum þetta unga fólk" sagði Guðrún, eins
og afsakandi. „Ó já, þetta höfðum við nú líka
á þeirra aldri, en ég held við værum nú
kannske dálítið stirð núna ef við ættum
að fara að dansa, ég held við ættum heldur
að fá okkur sæti hérna undir trénu okkar
Manstu þegar við gróðursettum þetta tré hérna
— það var góður dagur og ég minnist hans

ætíð, með hlýju þakklæti til þess er gaf
okkur hann."
„Já hvort ég man eftir því. Þetta var
óvenju stór og falleg hrísla; hún var svo
stór að við urðum að hjálpast að við
að setja hana niður, svo vel tækist nú
með gróðursetninguna, því svona fal-
leg hrísla mátti ómögulega eyðileggjast
hvað sem það kostaði — svo barnaleg vorum
við þá. Það var svei mér ekki hryggur hópur
sem var að verki í „Reitnum" þennan dag;
svo á ballið um kvöldið. Aldrei held ég
að Palla hafi tekist gefu upp að spila
dásamleg lög eins og þetta kvöld og ég
hef þó oft heyrt hann spila síðan.
Mér fannst ég svo dauf- uppgefin áður en
farið var að dansa, að mig langaði mest
til að fara beint heim og sofa; en ég man
það enn hvað hjartað í mér kipptist til
þegar fyrstu tónarnir frá harmonikunni
hljómuðu um salinn í „gamla húsinu" — já
það var nú reyndar ekki „gamla húsið" þá,
aðeins nokkurra ára. — Og steingleymdi

þreytunni á augabragði og breyttist í al-
gleymis fögnuði, þegar ég barst út á gólf-
ið eftir tónum uppáhalds lagsins míns.
Fáar stundir úr lífi mínu man ég jafn
vel og þetta kvöld og skil naumast enn hvaða
öfl hafa þá verið að verki í sál minni og
lyft henni í hærra veldi en nokkru sinni
fyrr eða síðar. Já það var yndislegur dagur
— en nú er sú tíð liðin. Nú verður maður
að láta sér nægja minningarnar — og það
er nú ekki svo lítið. Því marga stund hef
ég átt glaða, en flestar í „Reitnum" okkar
þó engin jafnast á við þá fyrstu."
„Já" sagði gamli maðurinn „það var
gaman að lifa í þá daga — Og það er
gaman að lifa enn og sjá ávöxt verka
sinna — nú þegar maður er orðinn ónýtur
til alls. Og það er gaman að sjá, að enn
vakir áhugi hjá æskunni hér, til að
prýða gömlu sveitina mína.
Oft hefir mig langað hingað heim aftur
og stundum hefir legið við að ég hafi
séð eftir því að ég skyldi nokkurntíma

fara héðan —; en eins og þú veist var það óhjá-
kvæmilegt og þess vegna í rauninni ekki eftir
neinu að sjá í því.
Oft hef ég ráðgert að fara hingað til að sjá
fornar stöðvar, en einhvern veginn hef ég aldrei
komið því við, og líklega hefði ég aldrei komið
hér aftur, hefðu ekki ungmennafélagarnir boðið
mér hingað — og kostað ferðina. Því ekki hefir
nú gullið þyngt mig niður um dagana
þó ég hafi alltaf haft nóg að lifa af. En
ég veit ég get aldrei þakkað þessa hugul-
semi af ungmennafél. nægsamlega.
En mikil var undrun mín þegar ég kom
hér og sá allan þennan skóg, þó hann sé að
vísu ekki stór; en þetta var aðeins örlítill
blettur með nokkrum smáplöntum þegar
ég fór, eins og þú líklega manst." — — —
Á danspallinum er líf og fjör,
hann er þétt skipaður dansendum, nema
örlítil skák af öðrum enda hans, þar sem
hljómsveitin hefir aðsetur sitt og sendir
tónana út yfir mannfjöldann, sem nemur
þá, teygar, eins og þyrstur maður svaladrykk

og eins og ósjálfrátt berst mannfjöldinn á-
fram í takt við þá. Þat er at líkindum
fánum gefit eins og hljóðfæraleikurum, at
láta fjöldann dansa eftir sínum nótum

Nú kemur aftur dálítil regnskúr,
en þat kemur ekki at sök, því á augabragði
er búið at setja hvítt tjald yfir dansgólfið
hátt uppi á toppum trjánna. — Dansinn
hefir stöðvast augnablik á meðan á þessu
stóð. Hinn stóri mislita hópur á gólfinu er
augnablik kyrr. Herrarnir eru ósparir á
sætindum við dömur sínar, og nokkrir
sem eru svo heppnir at hafa lent undir
greinum sem slúta lengra útur en aðrar
sveigja þær betur útur, uns dömur þeirra
geta óhindrað teygað ilm þeirra, sem er
óvenju sterkur fyrir regndropana sem fallið
hafa á laufið. — Það er sjálfsagt alveg
óvart, ef þeir sem næstir standa reka sig í
greinarnar svo þær slást framan í herrana
eða þá dömur þeirra, en samt er það
stundum fremur óblítt augnaráð sem þá
mætir afsakandi brosi hinna.

Þau nú byrjar hljómsveitin aftur og setur hreif-
ingu á hópinn, sem er farinn at gerast óþolinmóður
— Nú er liðið undir miðnætti. Eldra fólkið
er farið at tínast heimleiðis — einnig boðsgestirnir
eftir at hafa þegið allskonar veitingar, er ungm.
félagið lét í té eftir því sem föng stóðu til, og síðan
hlýtt á þakkarávarp er formaður ungm. fél.
flutti þeim og lauk með dynjandi húrra hróp-
um allra viðstaddra og óskum um góða heimför

Rökkurslæður miðsumar-næturinnar hafa breiðst
yfir landið og sveipað það hlýjum móðublæ.
Nú er kveikt á rafljósunum, alla vega litum
sem varpa sínum milda marglita blæ yfir
fólkið á danspallinum og alla vega lögðum
geislateygjum inn á milli trjánna. Mynda þeir
æfintýra-legan bjarma sem teygir sig langt út
í skóginn umhverfis. Það undrar því engan —
— menn taka enda naumast eftir því — þó
ungur piltur valsi með dömu sína út af dans-
pallinum og inn á milli trjánna, þar sem
ímyndunin sér æfintýrin leika lausum hala
í hálfrökkrinu. Þau fá sér sæti á einum
bekknum. Í bjarma frá ljósunum sést glampa

á merki er þau bera í barminum; þat er merki ungmennafélags sveitarinnar. Þau eru ungmennafélagar og hafa staðið framarlega í flokki við umsjón þessarar samkomu; enda er hún umhugsunarefni þeirra beggja. Því báði segja þau samtímis: „Hvernig heldur þú at boðið hafi tekist hjá okkur?" Þau hlæja báði. „Og held þat hafi náð tilgangi sínum" segir hann „Og er viss um at flest af þeim hefir haft gaman af at koma hér á gamlar stöðvar, en margt af þeim hefði varla haft sig upp í þat, ótilkvatt. Og svo virðist þat njóta óskiftrar hylli fólksins, jafnt utanhér-aðs-manna sem annara — og þat at verðleikum

„Já þat segir þú satt; þau verðskulduðu hylli alls héraðsins. Og veit ekkert hvernig ég á at votta þeim þakklæti mitt nægilega vel — svo þat sé þeim augljóst at ég virkilega meina þat."

„Þat gerum vit bezt með því at feta í fót-spor þeirra. Þat er sú mesta hylli sem hægt er at sýna nokkrum manni at taka hann til fyrirmyndar í verkum sínum. Eigum vit at hylla þau þannig?"

„Já, hér er hönd mín upp á þat"

„Til eilífðar eignar; er þat ekki?"

„Ef þú vilt."

Skyggn.

## Stökur.

Framtíð þrýtur, tápið dvín
tímans flýtur straumur
einkis-nýta æfin mín
er sem lítill draumur

B. S. B.

Vitur leitir andinn á,
arma greitast böndin.
Að mér seyta söngva frá
sólbjört heita-löndin

Félagi.

# Hvað þorum við?

Hugrekki er einn sá eiginleiki mannsins sem alltaf hefir verið dáður. Sá sem hefir þenna eiginleika til að bera, verður ósjálfrátt fremstur í flokki í þeim tilfellum, þegar allt veltur á að þora að ganga fram og verja mál sitt, hætta lífi sínu eða öðru, til að yfirstíga hindranirnar, af hvaða tagi sem þær kunna að vera.

Í andstöðu við þetta er svo aftur hugleysið sem skýlir sér eða tekur flóttann í stað þess að taka á móti andstöðunum.

Eins og hinn hugrakki – einnig í ytra útliti mótast af sínu djarfa hugarfari, þannig að hugprýðin lýsir sér í framkomu hans, þannig setur einnig það varasama og hræðilega sinn svip á þann, sem stöðugt er haldinn af ótta við eitt eða annað.

„Ekkert fær sá, sem einkis freistar" segir gamla máltækið.

Margsinnis hefir verið ráðið fram úr vandræðum og ógæfu afstýrt eða sigur unninn, fyrir hugrekki er skyndilega kom fram og breytti allri afstöðu.

Hugrekki er dásamlegur eiginleiki, sem er nauðsynlegur öllum þeim sem vilja komast áfram í heiminum; því það eru einatt svo margir sem þarfnast þess að leita til annara í vandræðum sínum, þangað sem þeir geta sótt hugrekki og þrótt til að mæta erfiðleikunum.

Lífið er þannig gert, að við hvert fyrir sig verðum að hafa ákveðinn skammt af hugrekki til þess að komast í gegnum það hjálparlaust. Og þetta er ekki nauðsynlegt einungis í alveg sérstökum tilfellum, heldur ótal mörgum og með hverjum nýjum degi þarfnast maður nýs hugrekkis til þess að mæta því sem fyrir kann að koma.

Það er hið starfandi augljósa hugrekki – og hitt það atgerðaminna hljóðláta sterka hugrekki, sem ekki er minna, vegna þess að það oft er öðrum ósýnilegt, falið í djúpi hjartans. Oft getur þurft meira hugrekki til að berjast um lengri tíma, oft við öðrum ósýnilega örðugleika eða sem virðast smámunir, heldur en vinna afbragðs hetjuverk, sem tekur aðeins örfá augnablik

Báðir karlar og konur hafa margoft sýnt slíkt hugrekki að það hlaut að vekja aðdáun allra, nær og fjær.

Og við sem vinnum okkar tilbreytingar-litlu daglegu störf, megum ekki gleyma því, að einnig við verðum að sýna af okkur hugrekki; ef ekki beinlínis hreystiverk er af okkur krafist.

Við tökum ef til vill ekki alltaf eftir því að þegar við gerum skakkt, látum undan einni eða annari freistingu, eða sneiðum hjá sannleikanum, þá er það oft vegna þess að okkur skortir hugrekki. Eða þá að við þorum ekki að láta þetta eða hitt ógert, vegna þess hvað aðrir mundu segja um það við verðum að tala eins og þeir, haga okkur eins og þeir, annars verðum við gagnrýnd, [illegible] eða jafnvel fyrirlitin.

Finnst inni er eitthvað, sem segir okkur að það sé rangt af okkur að breyta þannig, en það er léttara að láta sig fljóta með straumnum, og hið nauðsynlega hug-rekki vantar til að herða sig upp og synda upp í strauminn. En þetta, að fylgjast alltaf með og vera öðrum áhangandi, getur verið hættulegt, vegna þess, að þá glatar maður öllum sérkennum og persónu-leika.

Við vitum að samtökin orka miklu og í mörgum tilfellum er það mikilsvert að vera samhuga. En samtökum sem eru óheilla-vænleg, niðurbrjótandi eða á einn eða annan hátt skaðleg, á maður aldrei að fylgja.

Við höfum öll, hvert fyrir sig, eitthvað að varðveita. Heimili okkar og átthaga, trú okkar og hugsjónir og síðast, en ekki síst sannfæringu okkar, um, hvað sé gott og rétt og hvað ekki.

Hve margir eru þeir ekki, sem ganga á móti sannfæringu sinni, vegna þess, að þeir þora ekki annað, þeir vilja ekki láta benda á sig, eins og þeir segja; – ekki vekja eftirtekt. Þeir tala ef til vill ákaft á móti því, sem aðrir segja og gera og látast ekki vilja taka þátt í því; en þegar svo úrslitastundin kemur þora þeir

ekki annat en fylgjast met fjöldanum.
Hugleysit fékk yfirhöndina.
Þetta er því hryggilegra, at samfæringin, sem þrátt fyrir allt leynist í fjarsta hugskoti mannsins, minnkar og veiklast, vit at vera þannig sett til síðu, hún tapar mætti sínum og hættir at geta verkat á hann sjálfan eða aðra. Þen fylgi maður, aftur á móti, samfæringu sinni, sem vaxin er upp úr götum jarðvegi, þá vex hún og eflist og eykur styrk manns og þroska. Þat verður stöðugt auðveldara og auðveldara at fylgja henni og at lokum ómögulegt annat.
Hafðu því hugrekki til, í orði og verki at gera ávallt þat sem þú álítur rétt, hvat sem aðrir segja um þat.
Hafðu hugrekki til at vera sannur, til at berjast gegn um allt þitt líf fyrir því sem er í nánu sambandi við [illegible] þinn og samvisku. Þannig skapast heilsteyptur maður, sem verður fyrirmynd annara og veitir þeim styrk og hugrekki

til at ganga sama veg og sem þá samfæra einum saman í orði og verki þau skal vera ort: Veg þori ekki!

Staka.

(Sléttubönd.)

Meyjan hringa, tryggða traf
tárhreint náir bera
Meyjan slinga elskast af
öllum þráir vera.

Athugasemd: „Sigmundi gamla" var send þessi vísa og er honum ánægja í at ljá henni rúm þó hún hafi ekkert sérstakt efnislegt gildi; vegna þess at hún er einstök at rími til, þar sem hægt er at ~~gera~~ hvolfa hana á 16 vegu, breytilega vit formi einstakra, án þess at rímit breytist.
Mun þetta vera sá háttur sem upphaflega hét sléttubönd — en ekki sá sem nú gengur almennt undir því nafni og er ekki eins dýrt kveðinn. Ættu fleiri at reyna sig á þessum hætti.

Ritstjórinn.

# Um skemmtanir.

Mér hefir tíðum orðið hugsað til þess hversu lítil sameining er í þessari sveit og þá ekki síst hvað snertir skemmtanalíf okkar. Það vilja verða nokkuð skiptar skoðanir hjá mönnum, um það, hverskonar skemmtanir séu heppilegastar hinu yngra fólki; því það eru margvíslegar skemmtanir sem geta komið þar til greina: Sumir telja dansinn óholla og siðspillandi skemmtun þar sem fólki sé gefinn kostur á að koma saman aðeins í þeim tilgangi að ná af því sem mestum peningum. En hitt sé svo ekkert hugsað út í að hafa skemmtunina þannig að fólk hafi ánægju af því að sækja hana.

Þetta vill eiginlega nokkuð oft koma fyrir. En það er nú einu sinni svo að það er ekki hægt að gera svo öllum líki; einn vill þetta og annar hitt.

Þó ekki sé aldurinn hár, þá hefi ég þó farið á þónokkuð margar skemmtanir og eiginlega eins margar utansveitar sem innan sveitar, og orðið þess áþreifanlega var að helst til víða virtist sem meira sé hugsað um peningana heldur en hvort fólkið skemmti sér nokkuð eða ekki neitt.

Þetta er ekki heilbrigt, og þetta er nægileg átylla fyrir þá sem vilja fólkinu forða eina almennustu skemmtun yngra fólksins. En þurfum við að láta þessa svartsýnis-menn hafa þessa átyllu; það held ég sé óþarfi.

Mér finnst að hver og einn félagsskapur sem starfræktur er af hinni yngri kynslóð ætti að setja sér það ófrávíkjanlega mark að, eftir því sem efni leyfa að vanda sem best undirbúning þeirra skemmtana, sem haldnar eru á þess vegum, hvort heldur að þær eru fáar eða fleiri og hvort sem eru líkur til að fjölmennt verði, eða ekki.

Þetta finnst mér að við ættum að athuga vel, því ekki síður hér en annarstaðar hefir verið stórkostlega ábótavant með undirbúning, á margan hátt.

Það er ekki svo að skilja að þetta sé eina

skemmtunin sem við eigum völ á, í þessu
svokallaða sveita fásinni.
Væri það til dæmis ekki alveg eins heil-
brygð skemmtun, þegar hin fjölbreittasta
sumarfegurð landsins okkar stendur í blóma
að offra einum degi eða svo til þess að
njóta hennar. Því það er alveg áreiðan-
legt, ~~að~~, á hversu margar danssamkom-
ur sem við förum og hversu skemmtilegar
sem okkur þykja þær, þá erum við alltaf
gefin þá skilin þeirri varanlegu gleði
sem okkur hlotnast með því að dvelja í
faðmi hinnar unaðslegu íslensku sumar-
fegurðar. Þá gleði getur engin danssamkoma
fært okkur. Þetta er okkur afar auðvelt
því að þótt við séum lin við dansinn og
óframfærin þá munum við þó flest geta
setið á hestbaki nokkrar klukkustundir
án þess að fara hjá okkur. Og við eigum
margar fleiri skemmtanir, sem væri vel
þess verðar að á þær væri minnst með
nokkrum vel völdum orðum, en ég held ég
sleppi því í þetta sinn og bið ykkur öllum góða nótt

Ungmennafélagi.

Hver er hin raunverulega stefna
U.M.F.V.

U.M.F.V. er nú bráðum 17 ára gamalt.
Það er svo langur starfstími, að það ætti að
vera komið í ljós hver eru stefnuskrár-
mál fél. og hvað það ætlar að vinna í
framtíðinni. En svo er þó ekki, eða ég vona
það að minnsta kosti; það má þó óhætt
segja að eitt mál sem félagið hefir beitt
sér fyrir sé komið í trygga höfn, og það er
húsmálið. Eins og við vitum öll, er húsið
komið upp og er orðið skuldlaus eign fél.
En það er nálega eina málið sem félagið
hefur nokkuð verulega beitt sér fyrir, og fyrst
þessu marki er nú náð er ekki nema eðlilegt
að sú spurning vakni í hug okkar félaga:
Hvert verður næsta verkefni, eða eigum
við að láta hér staðar numið? Eigum við
að feta í spor Bárðar á Búrfelli: Nurla
saman peningum til að geyma í kistuhand-
raðanum, og telja þá og skoða við ~~fá~~ hátíðleg
tækifæri eða í frístundum. Sennilega svör-
um við öll þessari spurningu neitandi.
En hvað þá? Eigum við að starfa á sama

grundvelli og vit høfum gert nóg um skeið?
Vit hljótum at viðurkenna, því miður, þá sorgligu staðreynd, at starf okkar hefur verið ómarkvíst og af litlum áhuga unnið. Annars er tað einkennilegt, og á vit náliga um allan félagsskap, sum vit høfum kynni af og sagnir um, hvat starf fél. er reykult og óávøxtið. Hygg eg at okkar hlutur í því efni sé ikki lakari enn margra annara þó slíkt sé ikki bót í máli.

Ef litið er á félaga-skrána er tað ljóst at í U.M.F.V. eru félagarnir flestir á æskuskeiði og eiga margir meirihluta sínar æsku framundan, svo út frá því sæð ætti félagið at eiga glæsiliga framtíð og

„ef æskan vill rétta þér örfandi hönd
þá ertu á framtíðar-vegi“ sagði Þorsteinn Erlingsson. Tað veltur því alt á manndómi og áhuga æskunnar hvussu fer um stefnu og afrek fél. Men tað sem eg álít at sé nr. 1 og vit þurfum umfram alt at taka álvørlum um, er tað á hvørjum grundvelli vit störfum í framtíðini, einmitt nú þegar tað liggur

fyrir at ávørða, hvørt vit óskum eftir því, at S.U.A.H. gangi í U.M.F.Í. ella ikki; sum at líkindum verður eitt af verkum næsta fundar því ef tað er ikki meiningin, at „vinna alt í anda Jóns at ættarlandsins hag“ þá er ikki vert at gerast fél. í U.M.F.Í.

Tapliga verður á móti mælt, at nú er félagslíf okkar daufara og framkvæmdaminna enn vera ætti, fundirnir eru of fáir, þyrftu at vera helmingi fleiri. Þess oftar sem vit komum saman, hvørt heldur til at ræða áhugamál fél., gaman mál samber sitandi fund ella til at fara í skollaleik o.þ.h. því starfhæfari verðum vit og betri félagar en ella, því er í raun og veru þannig háttat at okkur vantar beinlínis æfingu í at vinna saman at félagsmálunum. Í þessu sambandi vil eg sérstaklega benda á þat at vit megum ikki gera strangar kröfur til örfárra manna, at þeir móti félagið og beri þat uppi. Ákjósanlegt er at félagsheildin beri svip af hvørjum fél. einstakling í félaginum. Tað geri als ikki ráð fyrir at þit kom félagar hafið gengið

í U.M.F.V. til þess at sjá og heyra eingöngu
heldur til at taka virkan þátt í starfinu.
Þannig á þat at vera til þess at sameiginlegum
árangri verði náð.

Ég tel æskilegt at vit störfum meira í anda
Ungmennafél. en vit höfum gert, en þat er
eins mikit undir vilja ykkar komit og þit
eigit eins mikinn rétt á at móta fél. og ég
en ég vil bara helst af öllu fá úr því skorit
hvat fyrir ykkur vakir í því efni. Vit getum
hugsat okkur einhvern mann, sem veit aldrei
hvat hann vill, þar af leiðir at starfskraftar
hans koma ekki at fullum notum, hvorki
honum sjálfum né öðrum.
Eins er því háttat með félög, hverju nafni
sem þau nefnast. Vit megum ekki láta
þannig fara um okkar félag. Ungmenna-
félögin eru einhver göfugasti félagsskapur
sem starfar hér á landi. Göfugra mark-
mið er naumast til en at vinna at ræktun
lands og lýðs eins og ungmennafél. eiga at
gera, samkvæmt stefnuskrá sinni. Og
íslenskri þjóðinni hefir aldrei verið meiri

þörf á starfandi ungmennafélagsskap, en
einmitt nú, og þó at þat séu ekki nema nokkrir
unglingar í fámennri sveit, sem taka sér
merki ungmennafélaganna í hönd og vinna
fyrir þat, þá er ef til vill meira um þat vert
en vit getum í fljótu bragði hugsat okkur.
At endingu vil ég biðja ykkur öll, hvert
um sig at hugsa um þetta mál, og starfa
eftir niðurstöðu þeirra hugleiðinga.

Sigtr. Benediktsson
frá Hali.

Ritstjóri: Ólafur Sigfússon.